

FW: Ósk um breytingar á áætluðum framkvæmdatíma - til Axel R. Överby Sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs

Til : Axel Rodriguez Överby <axelov@isafjordur.is>;smari.karlsson@gmail.com <smari.karlsson@gmail.com>
Frá : Bygg <bygg@isafjordur.is>
Heiti : FW: Ósk um breytingar á áætluðum framkvæmdatíma - til Axel R. Överby Sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs
Málsnúmer : 2019120040
Málsaðili : Fisherman ehf.
Skráð dags : 11.04.2023 15:45:07
Höfundur : Bygg <bygg@isafjordur.is>

Helga Þ. Magnúsdóttir

-Tæknideild Ísafjarðarbæjar

Umhverfis- og eignasvið

From: Ágúst Jóhannesson

Sent: þriðjudagur, 11. apríl 2023 14:41

To: Bygg

Cc: Aðalsteinn Egill Traustason (adalsteinn@fisherman.is)

Subject: Ósk um breytingar á áætluðum framkvæmdatíma - til Axel R. Överby Sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs

You don't often get email from agust@hanes.is. [Learn why this is important](#)

Sæll Axel

Þann 24. apríl 2020, gerðu Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði og Fisherman ehf., kt. 611105-0960, Brekkustíg 7, Suðureyri með sér samning um afnot þess síðarnefnda af landi við Brjótinn á Suðureyri, nefnt Iðnaðar- og athafnasvæði B20 í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020.

Með viðauka dags. 30.júní 2022 um framangreindan samning voru staðfest aðilaskipti að samningnum þannig að Hafnarstaðir ehf., kt. 570203-3980, Eyrargötu 7, 430 Suðureyri tók við öllum réttindum og skyldum Fisherman.

Með viðaukanum dags. 30.júní 2022 voru einnig gerðar breytingar á framangreindum

samningi þannig að áætlaður framkvæmdatími var skilgreindur með eftirfarandi hætti:

Áætlað er að framkvæmdir fari fram sem hér segir:

- a. Framkvæmdir við 1. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2023 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2026.*
- b. Framkvæmdir við 2. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2026 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2031.*
- c. Framkvæmdir við 3. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. maí 2031 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2036.*

Með pósti þessum er formlega óskað eftir að framangreindum a-lið viðaukans verði breytt með eftirfarandi hætti:

- a. Framkvæmdir við 1. áfanga, sbr. teikningu í Viðauka I, skulu hefjast eigi síðar en 1. janúar 2024 og vera lokið eigi síðar en 30. apríl 2026.*

Áætlaður framkvæmdatími skv. b. og c. lið verða áfram óbreyttir.

Fh.Hafnarstaða ehf.

H. Ágúst Jóhannesson

framkvæmdastjóri